

## REGLUGERÐ

### um sérstök línu- og netasvæði.

#### 1. gr.

Frá og með 5. nóvember 2005 til og með 31. desember 2005, eru allar veiðar með fiski-  
botnvörpu bannaðar á svæði suður af Reykjaneskaga, sem að austan markast af línu sem  
dregin er frá Selvogsvita í punkt 63°30'N, 21°39'V. Að sunnan markast svæðið af línu, sem  
dregin er úr punkti 63°30'N, 21°39'V í punkt 63°40'N, 22°32'V. Að vestan markast svæðið  
af línu sem dregin er úr punkti 63°40'N, 22°32'V réttvísandi norður að Staðarbergi.

#### 2. gr.

Frá og með 5. nóvember 2005 til og með 30. apríl 2006, eru allar veiðar með fiskibotn-  
vörpu bannaðar á svæði út af Faxaflóa, sem að sunnan markast af línu sem dregin er rétt-  
vísandi 270° frá Sandgerðisvita. Að vestan markast svæðið af 23°42'V og að norðan af  
64°20'N.

#### 3. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr.  
79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið  
að hætti opinberra mála.

#### 4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fisk-  
veiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem  
hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 26. október 2005.*

F. h. r.  
**Jón B. Jónasson.**

*Pórður Eyþórsson.*

## SAMÞYKKT

### um B-gatnagerðargjald í Djúpavogshreppi.

#### 1. gr.

Hreppsnefnd Djúpavogshrepps er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á byggingar í  
hreppnum í skipulögðu þéttbýli í sveitarfélaginu þar sem ekki hefur þegar verið lagt á B-  
gatnagerðargjald og eftir því sem nánar segir í þessari reglugerð.

#### 2. gr.

Gatnagerðargjald B er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við lagningu bundins  
slitlags á götu og frágang gangstétta. Gjaldið skal miða við rúmmál húss eins og það er skráð  
há Fasteignamati ríkisins.